

Ár 2013, fimmtudaginn 5. desember kom stjórn SSNV saman til fundar að Kaffi Krók á Sauðárkróki, kl. 11:00.

Mætt til fundar: Ágúst Þór Bragason, Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri um málefni fatlaðs fólks sat fundinn undir lið nr. 1. Ingibergur Guðmundsson sat fundinn undir lið nr. 2.

Dagskrá:

1. Aukaping SSNV 5. desember 2013. Lokaundirbúningur.
2. Menningarmál – endurnýjun samnings.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Aukaping SSNV 5. desember 2013. Lokaundirbúningur.

Stjórn SSNV samþykkir að eftirfarandi bókun og tillögur fyrir aukapingið:

Stjórn SSNV þakkar starfshópi um málefni fatlaðs fólks sem settur var á laggirnar í haust, fyrir mikla og góða vinnu sem lagt hefur góðan grunn að framtíðarskipulagi og þjónustu í málaflokknum.

Tillaga 1. Aukaping SSNV samþykkir að stofnað verði nýtt byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks með aðild níu sveitarfélaga sem annast málefni fatlaðs fólks á starfssvæði þeirra frá 1.1.2014. Byggðasamlagið tekur við öllum verkefnum og skyldum fyrra byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra.

Tillaga 2. Aukaping SSNV samþykkir að þingið verði undirbúningsfundur nýs byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks og að hann sitji fulltrúar á aukapingi SSNV ásamt fulltrúum Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar sem hafa aðild að fundinum undir umræðum og afgreiðslu tillagna um nýtt byggðasamlag.

Tillaga 3. Aukapingið samþykkir að fyrirliggjandi tillaga að stofnsamþykktum nýs byggðasamlags verði grunnur að samþykktum þess og verði send sveitastjórnnum til afgreiðslu.

Tillaga 4. Aukapingið samþykkir að greiða sveitarfélögunum þann 1. janúar 2014, skv. fjárhagsáætlun ársins 2013. Jafnframt samþykkir aukapingið að fela SSNV að annast umsjón með rekstrinum áfram, þar til nýtt byggðasamlag hefur tekið formlega til starfa.

Tillaga 5. Aukapingið samþykkir að kjósa undirbúningsstjórn nýs byggðasamlags sem undirbýr stofnfund byggðasamlagsins sem haldinn skal eigi síðar en í lok janúar 2014. Stofnfundurinn taki til afgreiðslu samþykktir, stofnefnahag, fjárhagsáætlun 2014 og önnur þau atriði sem varða stofnun byggðasamlagsins. Undirbúningsstjórnin gerir tillögu að bókun um aðild hvers sveitarfélags að byggðasamlaginu og sendir til afgreiðslu sveitarstjórna.

Tillaga um starfsmenn fundarins og nefndafólk:

Þingforseti: Magnús B. Jónsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd. Varaþingforseti: Bjarni Jónsson, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Ritarar: Ingibergur Guðmundsson og Hildur Þóra Magnúsdóttir. Vararitarar: Katrín María Andrésdóttir og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fyrir liggur tillaga stjórnar að kjörnefnd:

Oddný María Gunnarsdóttir, Blönduósbæ, Ásta Björg Pálmadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, Elín Björg Rósinberg, Húnaþingi vestra, Úlfar Sveinsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, Jens P. Jensen, Húnavatnshreppi.

Tillaga að undirbúningsstjórn:

Skúli Þórðarson, Húnaþingi vestra, til vara Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Húnaþingi vestra.

Ágúst Þór Bragason, Blönduósbæ, til vara Þóra Sverrisdóttir, Húnavatnshreppi.

Ásta Björg Pálmadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, til vara Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Ingvar Erlingsson, Fjallabyggð, til vara Helga Helgadóttir, Fjallabyggð.

Svanfríður Jónasdóttir, Dalvíkurbyggð, til vara Guðrún Pálína Jóhannsdóttir.

2. Menningarmál – endurnýjun samnings

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi kom til fundarins, kynnti skýrslu Capacent „Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2007 – 2013“ og lagði fram samantekt varðandi rekstur og mögulegar útfærslur til framtíðar.

Farið yfir forsendur varðandi reiknireglur og valdir voru fjórir æskilegir mælikvarðar, samkvæmt fyrirliggjandi erindi. Menningarfulltrúa falið að taka saman greinargerð og skila inn tillögum varðandi mælikvarða.

„Stjórn SSNV leggur áherslu á að hlutur Norðurlands vestra verði réttur þegar kemur að framlögum til menningarstarfs í menningarsamningum. Jafnframt gerir stjórn SSNV verulegar athugasemdir við fundarboð mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þar sem fulltrúar allra landshluta eru boðaðir til fundar í Reykjavík, með skömmum fyrirvara, eftir hádegi 13. desember, rúmri viku fyrir jólaleyfi á flestum vinnustöðum landsins. Óskað er eftir því að tekið verði tillit til ferðatíma þegar næst verður boðað til fundar um málefni menningarsamninga.“

3. Önnur mál – Engin.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:40.